

A 1765/presidiet

Flytjandi	Mikko Kärnä (cent), Johanna Karimäki (gröna), Jenis Av Rana (Mfl.) og Axel Jonsson (ÅF)
Afgreiðsla	Forsætisnefndin

Þingmannatillaga um að finna sátta- og samkomulagslausn í hinni katalónsku deilu sem reynir á Evrópu**Tillaga**

Mikko Kärnä (cent), Johanna Karimäki (gröna), Jenis Av Rana (Mfl.) og Axel Jonsson (ÅF) leggja til að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

að hún bjóðist til að stuðla að samskiptum í deilunni milli Spánar og Katalóníu;

að stuðla að tjáningarfrelsi, grundvallarreglum réttarríkis, mannréttindum og lýðræði í sáttarviðræðum;

að virða alþjóðarétt, ESB-rétt og landslög, í þeirri viðleitni að koma á samskiptum.

Bakgrunnur

Pólítísk deila er komin upp milli Spánar og Katalóníu, sem hefur að nokkru leyti áhrif á alla Evrópu. Að svo stöddu virðist vera erfitt að leysa þetta ósætti. Norðurlönd og Norðurlandaráð búa yfir sérþekkingu á hinu norræna réttarríki, jafnt sem hinum mörgu mismunandi lausnum sem byggjast á mikilli virðingu fyrir lýðræði og tjáningarfrelsi. Afstaða okkar til annarra landa í heiminum byggist á virðingu fyrir landslögum þeirra, en á sama tíma höldum við til haga mikilvægi þess að virða einnig alþjóðalög og ESB-rétt.



Norðurlönd geta aldrei orðið „dómarar“ í deilunni milli Spánar og Katalóníu. Það er ekki okkar hlutverk. Við eigum ekki að neinu leyti að reyna að gera út um hver hefur rangt eða rétt fyrir sér í þessari deilu. Í staðinn geta Norðurlönd - sé þess óskað - boðið fram aðstoð sína sem „læknar“. Saman getum við miðlað því, að eina leiðin til lausnar á pólitísku vandamáli eru pólitískar samræður og samningar. Í slíkri viðleitni getur Norðurlandaráð og Norræna ráðherranefndin haft mikilvægu hlutverki að gegna.

Helsinki, 25. apríl 2018

Axel Jonsson (ÅF)
Jenis av Rana (Mfl.)

Johanna Karimäki (gröna)
Mikko Kärnä (cent)